

Ómpýður kærleikur

Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns hefur verið dugleg við að prófa nýja hluti á undanförunum árum. Hún samdi lög við söngleikinn Sól og Mána sem var fluttur í Borgarleikhúsinu, spilaði með Sinfóníuhljómsveit Íslands og næst var röðin komin að tónleikum með Gospelkór Reykjavíkur.

Sumir hafa undrast þessa nýjungagirni Sálarinnar en það er vel skiljanlegt þegar hljómsveit sem hefur starfað svo lengi leiti nýrra leiða til að halda sér og aðdáendum sínum á tánum.

TÓNLIST

Lifandi í Laugardalshöll

Sálin og Gospel

★★★

Vel heppnaðir tónleikar þar sem innlifunin og léttleikinn skína í gegn. Sálin og Gospelkórinn smellpassa saman.

Á gospeltónleikunum í Laugardalshöll spiluðu hvítklæddir Sálarliðar flest af sínum þekktustu ástarlögum með aðstoð Gospelkórsins, stjórnanda hans Óskars Einarssonar, og fjögurra aðstoðarhljóðfæraleikara. Lagt var upp með að flytja texta þar sem kærleikurinn væri í fyrirrúmi enda kórinn þekktur fyrir trúarlegan söng sinn.

Lög á borð við Ekkert breytir



því, Getur verið?, Hjá þér, Lestin er að fara, Þú fullkomnar mig, Svárið er já og Aldrei liðið betur fengu öll að hljóma á sinn ómpýða hátt á tónleikunum sem heppnuðust afar vel. Fékk kórinn sérstaklega vel að njóta sín í fyrstnefnda laginu. Þannig eru flest löggin á plötunni fín þó svo að inn á milli leynist lakari lög á borð við Sól um nótt og Flæði.

Það fer Sálinni betur að spila með Gospelkórnum heldur en Sinfóníuhljómsveitinni enda á sveitin uppruna sinn í sálartónlist sem hefur jafnan átt góða samleið með gospeli. Þó svo að sinfóníutónleikarnir hafi verið ágætlega heppnaðir virðist sveitin finna sig betur með kórnum og innlifunin og léttleikinn virðast meiri. Minna gospeltónleikarnir þannig meira á hin hefðbundnu Sálarböll sem sveitin er svo þekkt fyrir.

Freyr Bjarnason